Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
29 JUNI 2016
Byggingarfulltrúi




ÞRASTARLUNDUR, ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ -
BISKUPSTUNGNABRAUT MHL.04

BREYTINGAR:
Verið er að stækka afgreiðslur verslunar og veitingasals og að bæta við nýjum innveggjum í verslun sem munu afmarka og umlykja kæla fyrir mismunandi matvæli.

STÆRÐIR:

| | |
|---|---|
| FLATARMÁL | 421,2m² |
| RÚMMÁL | 1.580,4m³ |

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (Gunnari H. Kristjánssyni byggingar- og brunaverkfræðingi, mál nr. 16-161) í júní 2016 fyrir veitingasöluna Þrastarlundi í Grímsnesi Grafningshreppi. Um er að ræða þegar byggt hús.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin er í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð.

Brunahólfun
Veitingasalir eru eitt brunahólf, u.þ.b. 350 m2.
Eldhús verður sér brunahólf, u.þ.b. 36 m2. Hurðir inn í veitingasali verða tengdar hurðasegli og lokast við brunaboð.
Gæta skal að því að gróður sé ekki nær húsi eða timvurverönd en a.m.k. 10 metrar.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er talin vera a.m.k. R60.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er talin vera a.m.k. R60.

Klæðningar
Innanhúsklæðningar eru almennt í flokki 1 og gólfefni eru í flokki G.
Upphengd loft eru úr A-efnum.

Flóttaleiðir
Frá öllum stöðum er styttra en 30 m í útgang.
Gert er ráð fyrir allt að 120 manns í veitingasal og 50 manns í afgreiðslusal eða samtals 170 manns.
Frá veitingasal eru tvær óháðar flóttaleiðir, sem anna um 270 manns.
Frá afgreiðslusal eru þrjár óháðar flóttaleiðir sem anna um 180 manns.
Flóttaleiðir frá báðum sölum eru samtals um 3,6 metra breiðar og afkasta vel heildarfjölda um 170 manns skv. byggingarreglugerð.
Rafmagnsrennihurð í afgreiðslusal skal útbúin með vararafhlöðu og opnast við brunaboð á opnunartíma.
Flóttahurð frá veitingasal skal búin neyðaropnunarbúnaði (panik).
Flóttahurðir frá afgreiðslusal skulu búnar neyðarhúnum eða "push pad".

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Útstöð og yfirlitsmynd verður við aðalinngang. Kerfið er tengt viðurkenndri vaktstöð.

Loftræsikerfi
Útsogsstokkar frá eldunarháfum eru heilsoðnir og ganga orofnir út. Þeir verða einangraðir þannig að þeir uppfylli a.m.k. EI30.

Reyklosun
Reykræsing er almennt um glugga og hurðar.

Slökkvikerfi
Sjálfvirkt og handvirkt slökkvikerfi skv. NFPA 17a verður sett upp í eldunarháfa í eldhúsi.

Slöngukefli og slökkvitæki
Slöngukefli skv. ÍST EN 671 er uppsett í afgreiðslusal. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skal m.a. staðsett við brunaslöngu en auk þess vera í eldhúsi og veitingasal, t.d. 9 L léttvatn og 5 kg kolsýra við rafmagnstöflu. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á þjónustugangi, en 0,5 lux í afgreiðslusal og veitingasal og salernum fyrir fatlaða. Neyðarlýsing skal vera 15 lux í eldhúsi.

Gas
Gashylki eru í óbrennanlegum loftræstum skáp við vörumóttöku á útvegg. Rofi sem lokar fyrir gas með segullokun skal staðsettur í eldhúsi. Gasskynjari skal vera við eldunarstað.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma er að framanverðu. Útreiknuð slökkvivatnsþörf er um 1000 l/mín skv leiðbeiningum MVS. Gert er ráð fyrir vatnstöku frá Soginu en æskilegt er að komið sé fyrir brunahana við veitingastaðinn.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Veitingastaðinn Þrastarlundi.

www.brunahonnun.com
BRUNAHÖNNUN
20 ára reynsla

Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=Iceland l=IS o=Brunahonnun slf e=gunnarbruni@gmail.com
Reason: I have reviewed this document
Location:
Date: 2016-06-22 11:59Z

22.06.2016 Brunamál
BREYTINGAR.

VERKHEITI
Þrastarlundur, Þjónustumiðst.
Grímsnes og Grafningshreppur
Aðaluppdrættir

VERK
Afstöðumynd
Breytingar innanhúss

| | |
|---|---|
| MÁL: 1:500 / A1 | DAGS.: 20.05.2016 |
| HANNAÐ: ÁÁ | TEIKNAÐ: HF |
| YFIRFARIÐ: ISC | |

| VERKNÚMER | FL | TEIKNINGANÚMER | ÚTG |
|---|---|---|---|
| 391-01 | 04 | 1.0-01 | |

T.ark
ARKITEKTAR
BRAUTARHOLTI 6 - 105 REYKJAVÍK - ÍSLAND
SÍMI: 540 5700
teiknistofan@tark.is
www.tark.is

SAMÞ. Ásgeir Ásgeirsson Arkitekt MAA FSSA Kt.: 060161-5429

Öll afnot og afrit teikninga, að hluta eða heild, er háð samþykki höfunda, skv. ákvæðum höfundalaga.

9070